



Frá sýningunni Augastaðir

# Ársskýrsla 2011

6. febrúar 2012

  
**LISTASAFN**  
REYKJANESBÆJAR



## EFNISYFIRLIT

1.	FORSAGA OG HLUTVERK .....	4
2.	SAFNKOSTUR.....	4
2.1	SÖFNUNARSTEFNA.....	5
2.2	SAFNAUKI 2011.....	5
3.	SÝNINGAHALD.....	5
3.1	SÝNINGAR ÁRSINS Í LISTASAL .....	5
3.1.1	AUGASTAÐUR.....	5
3.1.2	ÞRYKKT .....	6
3.1.3	HIMINGEIMURINN .....	6
3.1.4	EITTHVAÐ Í ÞÁ ÁTTINA, SÝNING UM KORTAGERÐ, SKRÁSETNINGU OG STAÐSETNINGU .....	7
3.1.5	DÚKKA .....	7
3.1.6	HOLDTEKJA.....	8
3.2	BÍÓSALUR DUUSHÚSA.....	8
3.2.1	SAFNEIGNIN.....	8
3.2.2	ÞRYKKT .....	8
3.2.3	EITTHVAÐ Í ÞÁ ÁTTINA .....	8
3.2.4	ÓVÆTTIR OG AÐRAR VÆTTIR.....	9
3.3	AÐRAR SÝNINGAR.....	9
3.3.1	GAMLA BÚÐ.....	9
3.3.2	FISCHERSBÚÐ: .....	9
3.3.3	HF-HÚSIÐ, ÝMSIR LISTAMENN AF SUÐURNESJUM: .....	9
3.3.4	GALLERY SUÐSUÐVESTUR .....	9
3.4	SÝNINGAR Í SUÐSUÐVESTRI .....	9
4.	ÚTGÁFA, MIÐLUN OG RANNSÓKNIR .....	10
4.1	SAMSKIPTAMIÐLAR.....	10
4.1.1	VEFUR: REYKJANESBAER.IS/LISTASAFN.....	10
4.1.2	FACEBOOK.....	10
4.2	PRENTUN .....	11
4.3	SKRÁNING SAFNKOSTSINS OG FORVARSLA .....	11
4.4	SÖFNUN HEIMILDA.....	12
4.5	SAFNKENNSLA .....	12
4.6	FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR .....	13
5.	ÖNNUR VERKEFNI .....	13
5.1	LISTASKÓLINN.....	13
5.2	LISTAHÁTÍÐ BARNNA.....	14
5.3	LIST ÁN LANDAMÆRA.....	15
6.	HÚSNÆÐI, OPNUNARTÍMI, STARFSFÓLK OG GESTAFJÖLDI.....	16
6.1	HÚSNÆÐI OG OPNUNARTÍMI .....	16
6.2	STARFSFÓLK .....	16
6.3	GESTAFJÖLDI .....	16
6.4	Skipting gesta.....	17
7.	REKSTUR.....	17
8.	LOKAORÐ.....	18
9.	VIÐAUKI nr. I.....	19

## 1. FORSAGA OG HLUTVERK

Listasafn Reykjanesbæjar var að nafninu til stofnað við sameiningu sveitarfélaganna Njarðvíkur, Hafnahrepps og Keflavíkur árið 1994. Ekki var þó um eiginlegt listasafn að ræða á þeim tíma heldur aðeins utanumhald á listaverkæign bæjarins. Árið 2003 hófst eiginleg safnastarfsemi þegar opnaður var sýningarsalur í Duushúsum sérstaklega ætlaður Listasafninu, starfsfólk var ráðið og safnið fékk sjálfstæðan fjárhag. Listasafn Reykjanesbæjar var þar með orðin sjálfstæð stofnun í bæjarfélaginu og eitt af þremur söfnum bæjarins. Starfsfólki hefur síðan fjölgað, sýningarplássíð verið aukið og bætt og fjárhagur eflst, m.a. með árlegum framlögum Safnasjóðs.

Listasafn Reykjanesbæjar er eina listasafnið á Suðurnesjum og skipar því stórt hlutverk í menningarlífi svæðisins. Aðal hlutverk Listasafnsins er að varðveita listaverk Reykjanesbæjar, safna nýjum verkum samkvæmt söfnunarstefnu, skrá verkin og rannsaka sögu þeirra og myndlistar á svæðinu og miðla þeirri þekkingu til heimamanna og annarra eftir bestu getu. Ný stofnskrá var samþykkt í menningarráði Reykjanesbæjar 14. september 2010. Starfsáætlun 2012 -2015 var samþykkt í menningarráði Reykjanesbæjar í október 2011.



Elva Hreiðarsdóttir, Aðalsteinn Ingólfsson og Valgerður Guðmundsd. við uppsetningu á Þrykkt.

## 2. SAFNKOSTUR

Safnkosturinn er afar fjölbreyttur og safnið á verk úr öllum helstu flokkum myndlistar, bæði inni- og útverk. Virk og markviss söfnun, þ.e. söfnun eftir söfnunarstefnu hefur verið viðhöfð frá og með árinu 2004 og ávallt verið tekið mið af því fjármagni sem hverju sinni er úthlutað til listaverkakaupa. Árið 2011 var 1 milljón króna til kaupa og jafnframt viðgerða á verkum en einnig bærust safninu nokkur verk að gjöf. Safnkosturinn er skráður í þar til gerðan gagnagrunn í Microsoft Access kerfinu sem unninn var fyrir safnið árið 2004 og telst safneignin fullskráð. Söfnunarstefnan sem unnið er eftir var samþykkt í nóvember 2010 og í henni er m.a. gert ráð fyrir að safnið eignist listaverk barna. Þess

hefur verið gætt síðustu árin að nokkur verk frá Listahátíð barna enda alltaf sem eign safnsins og hefur safnið því eignast fjölda skemmtilegra listaverka eftir börn. Safnið tók líka þátt í List án landamæra í fyrsta skipti á árið 2009 og þá komu inn nokkur verk sem tengdust þeirri hátíð, bæði verk eftir fatlaða listamenn og einnig verk sem fatlaðir og ófatlaðir unnu saman. Þessi hátíð verður áfram haldin með þátttöku Listasafnsins og ákveðið að safna verkum tengdum henni. Auk þess skilja þeir listamenn sem sýna í Listasalnum ávallt eftir verk til handa safninu og er því safneignin orðin ansi fjölbreytt.

## 2.1 SÖFNUNARSTEFNA

1. Stefnt skal að því að listaverkæign safnsins gefi góða mynd af verkum eftir listamenn Suðurnesja frá öllum tímum.
2. Stefnt skal að því að listaverkæign safnsins gefi góða mynd af samtímalist á landinu öllu.
3. Safnið skal hvetja unga listamenn af Suðurnesjum til dáða með kaupum á verkum þeirra eins og hægt er miðað við fjárframlög hverju sinni.
4. Stefnt skal sérstaklega að söfnun verka eftir börn og unglínga úr Reykjanesbæ og ætlunin að koma upp góðu yfirliti yfir listiðkun þeirra.
5. Forstöðumaður tekur ákvarðanir um gjafir sem safninu eru boðnar og metur hvort taka eigi við þeim. Það er ekki heimilt að taka við gjöfum sem kvaðir fylgja. Gjöf skal fylgja gjafabréf undirritað af gefanda.
6. Listasafn Reykjanesbæjar sér um innkaup listaverka fyrir hönd bæjarins miðað við fjárframlög hverju sinni.
7. Gjafir og fjárframlög til safnsins eru frádráttarbær til skatts, sbr ákvæði laga um tekjuskatt og eignaskatt nr. 75/1985 með áorðnum breytingum.

## 2.2 SAFNAUKI 2011

Safnaukinn 2011 samanstóð af 19 nýjum verkum og er safneignin nú orðin 644 verk. Sjá nánar í listanum Safnauki 2011, *sjá viðauka nr. 1*.

## 3. SÝNINGAHALD

### 3.1 SÝNINGAR ÁRSINS Í LISTASAL

Sýningahald er viðamikill liður í starfsemi Listasafns Reykjanesbæjar. Safnið kom beint og óbeint að fjölda sýninga sem haldnar voru í bæjarfélaginu m.a. á Ljósanótt en eftirtaldar sýningar voru haldnar í sýningarsal Listasafnsins í Duushúsum:

#### 3.1.1 AUGASTAÐUR

Þann 15. janúar opnaði sýning á akrílverkum Óla G. Jóhannssonar. Sýnd voru rúmlega 20 ný verk eftir Óla, lituð sterkum tilfinningum, bjartsýni og leikgleði. Undanfarin ár hafði hann verið duglegur við sýningahald og m.a. sýnt víða erlendis á vegum Opera, alþjóðlegs gallerís sem hann var samningsbundinn við. Um verk Óla sagði Aðalsteinn Ingólfsson m.a. „Af mikilli elju hefur Óli G. Jóhannsson haldið áfram að þróa málverk sín út frá norðlensku landslagi og æskuminningum, síað þessi viðfangsefni í gegnum COBRA list Svavars Guðnasonar og félaga hans í Danmörku, barnateikningar, einkanlegar fantasíur og list frumþjóða og aukið við þau af því sem hann hefur séð á ferðum sínum um sólrík lönd á borð við Ítalíu og Austurlönd fjær.“ Sá sorglegi atburður átti sér stað að Óli G. lést eftir skammvinn veikindi örfáum dögum eftir að sýningin var opnuð.

### 3.1.2 ÞRYKKT

Þann 5. mars var opnuð samsýning með sögulegu ívafi sem unnin var í samvinnu við félagið Íslensk grafík undir stjórn Aðalsteins Ingólfssonar. 16 listamenn áttu verk á sýningunni auk þess sem hægt var að skoða sögulegt og tæknilegt yfirlit grafíkur í Bíósal. Í sýningarskrá sagði m.a.: „Á ögurstundum í lífi þjóða hefur alltaf mátt reiða sig á grafíklistina. Boðskap siðaskipta var dreift í grafísku formi, franskir grafíklistamenn voru meðal þeirra sem harðast deildu á ofríki og dáðleysi franska konungdæmisins á 19. öld, grafík var notuð til að vekja listvitund alþýðu á öndverðri tuttugustu öld, sömuleiðis til að virkja pólitískan samtakamátt hennar. Lengi vel átti grafíklistin örðugt uppdráttar hér á landi, en á sjöunda og áttunda áratugnum, þegar þéttbýliskjarnar landsins þöndust út, voru það grafíkmyndir sem rötuðu inn á heimili ungra íslenskra húsbyggjenda og mótuðu myndlistarsmekk þeirra. Allt helgast þetta af eðlisþáttum grafíklistar, margfeldi myndanna, sem tryggja að boðskapur þeirra, listrænn sem pólitískur, fer óhindraður víða um lönd. Margfeldið tryggir síðan að hægt er að selja hvert þrykk við vægu verði; það hafa allir efni á að eignast grafík.“ Í tengslum við sýninguna var einnig boðið upp á grafíksmiðju fyrir börn á Safnahelgi á Suðurnesjum undir stjórn Elvu Hreiðarsdóttur sem tókst sérlega vel.

### 3.1.3 HIMINGEIMURINN

Þann 20. apríl hófst Listahátíð barna í Reykjaneshæ og sýning leikskólanna og Listasafnsins var opnuð í Listasal. Leitast var við að skapa himingeim með öllum þeim undrum sem þar finnast og til þess notuð listaverk nemendanna sjálfra auk lýsingar og hljóða sem jók á áhrifamátt sýningarinnar. Lista- og vísndasmiðja var starfrækt samhliða í Bíósal og þar voru auk þess myndlistarverk frá öllum leikskólunum. Listasafnið stóð einnig fyrir samstarfi við grunnskóla bæjarins á Listahátíð barna undir yfirskriftinni *Listaverk í leiðinni*, þar sem úrval af nemendaverkum úr listgreinakennslu vetrarins var til sýnis á fjölförnum stöðum í bænum.



Didða H. Leaman, Inga Þórey og Kristín Rúnarsdóttir við uppsetningu Eitthvað í þá áttina.

### 3.1.4 EITTHVAÐ Í ÞÁ ÁTTINA, SÝNING UM KORTAGERÐ, SKRÁSETNINGU OG STAÐSETNINGU

Þann 14. maí leit sumarsýning Listasafnsins ljós. Um var að ræða sýningu á verkum alls 19 listamanna/hópa. Sýningarstjórar voru þær Inga Þórey Jóhannsdóttir og Didda Hjartardóttir Leaman. Á sýningunni var reynt að varpa ljósi á mismunandi nálgun og vinnuaðferðir listamanna sem fjalla um kort, staðsetningu og skrásetningu í verkum sínum. Val á verkum spannaði 30 ára tímabil en sum voru unnin sérstaklega fyrir þessa sýningu.

Samtímis var fléttað inn í sýninguna landfræðilegum kortum og öðru minnisverðu, frá Byggðasafni Reykjanesbæjar og með því var teft saman skráningarþörf úr listheimi og raunheimi í von um að úr yrði spennandi samtal. Eftirfarandi listamenn áttu verk á sýningunni; Ásta Ólafsdóttir, Bjarni H.Þórarinnsson, Didda Hjartardóttir Leaman, Einar Garibaldi Eiríksson, Etienne de France, Eygló Harðardóttir, Gjörningaklúbburinn, Hildigunnur Birgisdóttir, Hreinn Friðfinnsson, Inga Svala Þórsdóttir, Ingirafn Steinarsson, Katrín Sigurðardóttir, Kristinn E.Hrafnsson, Kristinn G.Harðarson, Kristín Rúnarsdóttir, Pétur Örn Friðriksson, Sólveig Aðalsteinsdóttir, Þorbjörg Þorvaldsdóttir og Þorgerður Ólafsdóttir.

### 3.1.5 DÚKKA

Á Ljósanótt, 1. september, opnaði sýning á verkum Valgerðar Guðlaugsdóttur. Valgerður hefur búið í Reykjanesbæ um skeið og var þetta hennar níunda einkasýning. Hún hefur á undanförunum árum einbeitt sér að reynsluheimi kvenmannsins í nútíma þjóðfélagi. Verk Valgerðar varpa fram áleitnum spurningum um mannseðlið, hlutskipti kynjanna og einnig samskipti þeirra. Valgerður lítur á sig sem pop-feminista. Í list sinni notar hún tilbúna hluti úr afþreyingariðnaðinum og blandar þeim saman við hluti úr sínum eigin hugmyndaheimi. Á þessari sýningu velti hún fyrir sér kvenímyndinni, hvernig konan reynir að uppfylla þá ímynd sem gefin er af henni í samfélaginu og hvernig hún fellir sig inn í munstrið sem henni er gefið en einnig hvernig hún getur verið sinn eigin skapari.



Leikskólabörn að herma eftir listaverki á sýningunni Dúkkú.



### 3.1.6 HOLDTEKJA

Þann 22. október var opnuð sýning á verkum Guðnýjar Kristmanns, listmálara. Guðný hefur vakið athygli fyrir litríka, kröftuga og tilfinningalega hlaðna málalalist. Rætur myndlistar Guðnýjar liggja í landslagstengdri abstraktmyndlist Kristjáns Davíðssonar, súrrealisma og evrópskum og amerískum abstrakt-expressjónisma. Málalalist hennar einkennist af líkamlegum skilningi á sköpunarferlinu, sem hún líkir beinlínis við hina „frumstæðu hvöt að skapa líf“, með tilheyrandi nautn, fullnægju og sársauka. Þar leggur Guðný m.a. til grundvallar kenningar Derridas og Nietzsches um tengslin milli sköpunar og kynferðis- og kynferðisathafna. Um leið tekur hún undir hugmyndir tilvistarpekinga um málverkið sem vettvang þar sem listamaðurinn endurskapar sjálfan sig í hverju verki.

## 3.2 BÍÓSALUR DUUSHÚSA

### 3.2.1 SAFNEIGNIN

Í Bíósalnum er að staðaldri föst sýning úr safneign Listasafnsins sem vikur þó fyrir tímabundnum sýningum. Þar má sjá landslagsverk eftir Jóhannes S. Kjarval, Ásgrím Jónsson, Gunnlaug Blöndal, Arinbjörn Þorvarðarson, Pétur Friðrik, Guðmund Karl og Eggert Guðmundsson

### 3.2.2 ÞRYKKT

Í tengslum við samsýningu 16 grafíklistamanna, Þrykkt, var sett upp sýning í Bíósal þar sem gaf að líta sögulegt og tæknilegt yfirlit grafíkur með sérstakri áherslu á íslenska grafík. Höfundar þeirrar sýningar voru þær Elva Hreiðarsdóttir og Valgerður Hauksdóttir frá félaginu Íslensk grafík. Elva stýrði einnig grafíksmiðju fyrir börn í tengslum við sýninguna.



Við opnun sýningarinnar Óvættir og aðrar vættir. Nemendur Myllubakkaskóla með verk sín.

### 3.2.3 EITTHVAÐ Í ÞÁ ÁTTINA

Í tengslum við sýninguna, Eitthvað í þá áttina, sýningu um kortagerð, skrásetningu og staðsetningu var sett upp í Bíósal sýning á ýmsum kortum og öðru minnisverðu tengdu



svæðinu frá Byggðasafni Reykjaneshæjar. Þannig var teft saman skráningarþörf úr listheimi og raunheimi í von um spennandi samtal.

### 3.2.4 ÓVÆTTIR OG AÐRAR VÆTTIR

Á Ljósanótt var opnuð sýning á grafíkverkum í Bíósal. Um var að ræða samnorrænt verkefni en auk Listasafns Reykjaneshæjar tóku þátt í því Dalarnas Museum í Svíþjóð og Haugesund Billedgalleri í Noregi. Á sýningunni mátti sjá tæplega 60 verk frá öllum þremur þátttökulöndunum. Verkefnið gekk út á að hópur 12-14 ára unglinga í þessum þremur löndum var fenginn til að myndskreyta þjóðsögur úr heimahögunum og voru til þess notaðar grafískar aðferðir. Íslenski hópurinn kom frá Myllubakkaskóla í Keflavík og vann hópurinn út frá sögunni Rauðhöfði undir stjórn myndmenntakennarans Sigríðar Dísar Guðmundsdóttur og Elvu Hreiðarsdóttur formanns félagsins Íslenskrar grafíkur en félagið hafði milligöngu um verkefnið. Verkin voru sýnd samtímis í öllum löndunum þremur.

## 3.3 AÐRAR SÝNINGAR

Samkvæmt sýningarstefnu safnsins er gert ráð fyrir aðkomu safnsins að sýningarhaldi annars staðar í bæjarfélaginu en í föstu sýningarhúsnæði safnsins. Þessi aðstoð fer fram með ýmsum hætti og á ýmsum tímum t.d. við útvegum á sýningarhúsnæði, aðstoð við hönnun og prentun bæklinga og boðskorta, aðstoð við styrkumsóknir, kynningu til fjölmiðla, o.s.frv. Mesti annatíminn er í kringum Ljósanótt en þá er allt laust húsnæði notað fyrir alls kyns sýningar. Eftirfarandi listamenn/sýningar voru í húsnæði á vegum bæjarins á Ljósanótt að þessu sinni:

### 3.3.1 GAMLA BÚÐ

Listaspírurnar, hópur kvenna sem var með til sýnis og sölu margs konar hönnun og listmuni m.a. mósaik, skart, myndlist og glerlist.

### 3.3.2 FISCHERSBÚÐ:

Margs konar handverk unnið af Haraldi Gunnarssyni, aðallega skart og mósaík. Magdalena Sírý, fjöllistahönnuður, var með opna vinnustofu sína og sýndi ýmis verk, svo sem prjóna- og textílvörur, töscur o.fl.

### 3.3.3 HF-HÚSIÐ, ÝMSIR LISTAMENN AF SUÐURNESJUM:

Jón Hilmarsson sýndi ljósmyndir úr Skagafirði, Vogaakademían sýndi málverk, Félagar úr Ljósopi sýndu- ljósmyndir, Pierre Alain Barichon og Gróa Björk Hjörleifsdóttir sýndu málverk og Hans Vera var með portrett teikningar. Í porti Svarta pakkhússins bauð Daníel Hjörtur upp á keðjusagarperformans.

### 3.3.4 GALLERY SUÐSUÐVESTUR

SLÁTUR samtökin. Ný verk í ýmsu formi eftir þá Pál Ivan Pálsson, Jesper Pedersen, Þráin Hjálmarsson, Magnús Jensson, Hallvarð Ásgeirsson Herzog, Þorkel Atlason, Guðmund Stein Gunnarsson og Áka Ásgeirsson.

## 3.4 SÝNINGAR Í SUÐSUÐVESTRI

Samkvæmt 5. grein sýningarstefnu Listasafnsins ber því að vera vettvangur nýrra strauma í myndlist og stuðla að gagnrýnni skoðun á myndlist með ákveðnu sýningahaldi, fyrirlestrum og útgáfu. Þessu hlutverki hefur safnið reynt að ná með því að vera í nánú samstarfi við sýningarrýmið Suðsuðvestur. Suðsuðvestur er rekið í húsnæði Listasafnsins að Hafnargötu 22 og listasafnið stendur straum af rekstri hússins og greiðir laun

yfirsetufólksins. Eygló Harðardóttir, Huginn Þór Arason og Inga Þórey Jóhannsdóttir skipa hins vegar sérstakt listráð og er Inga Þórey jafnframt sú sem stýrir starfsseminni. Þessi þrjú vinna öll í sjálfboðaliðsvinnu við Suðsuðvestur.

Níu sýningar voru haldnar árið 2011 og þar sýndu eftirfarandi listamenn: Margrét Helga Sesseljudóttir, Ólöf Nordal, Bryndís Hrönn Ragnarsdóttir, Margrét H. Blöndal, Örn Alexander Ámundason, Iris van Gelder, S.L.Á.T.U.R. (samtök listrænt ágengra tónsmíða umhverfis Reykjavík), Bjarki Bragason og Baldur Geir Bragason.



Áhugsamir gestir skoða verk á sýningunni Eitthvað í þá áttina.

## 4. ÚTGÁFA, MIÐLUN OG RANNSÓKNIR

### 4.1 SAMSKIPTAMIÐLAR

#### 4.1.1 VEFUR: REYKJANESBAER.IS/LISTASAFN

Meginefni vefsins eru upplýsingar um safnið sjálft, safneignina og ýmis verkefni sem unnin eru í tengslum við safnið s.s. Listaskóla barna, Listahátíð barna og List án landamæra. Einnig má sjá umfjöllun og myndir tengdar þeim sýningum sem eru í Listasafnum en þær eru í raun einu sýningarnar sem auglýstar eru í nafni safnsins þó svo að safnið komi að sýningum á öðrum stöðum eins og komið hefur fram áður. Slóðin er reykjanesbaer.is/listasafn. Gerð var sú breyting á vefnum að hann var tengdur við Facebook á þann hátt að hægt er að "líka við" og senda áfram fréttir sem birtast á honum. Vefurinn var opnaður 2004 og er auðvitað alltaf í endurskoðun en vonir standa til að hann verði efnismeiri þegar fram líða stundir. Umsjónarmaður vefsins er Guðlaug María Lewis fræðslufulltrúi listasafnsins.

#### 4.1.2 FACEBOOK

Listasafnið er nú líka komið á Facebook. Þar eru settar inn tilkynningar um það sem er efst á baugi hverju sinni, myndir af viðburðum og fólk hvatt til heimsóknar í safnið og til að mæta á þá viðburði sem boðið er upp á. Listasafnið á nú 353 aðdáendur á Facebook og áfram er stefnt að því að fjölga þeim.

## 4.2 PRENTUN

Listasafnið gaf út fjóra 36 síðna bæklinga og einn 54 síðna bækling í tengslum við hinar fimm aðal sýningar í Listasal í Duushúsum. Í hverjum bæklingi var gerð grein fyrir viðkomandi listamanni/mönnum og verkum hans/þeirra. Listfræðingur eða annar fagmaður var fenginn til að skrifa texta um sýninguna og er textinn þýddur og birtur bæði á íslensku og ensku. Eftirtaldir aðilar skrifuðu textana þetta árið: Aðalsteinn Ingólfsson, Þóra Þórisdóttir, Inga Þórey Jóhannsdóttir og Didda Hjartardóttir Leaman, Kristín Loftsdóttir, Ragna Sigurðardóttir og Snævarr Guðmundsson. Myndir eru allar í lit og teknar af eftirfarandi ljósmyndurum: Oddgeiri Karlssyni, Þórhalli Jenssyni, Völundi Jónssyni, Helga Hjaltalín o.fl. Prentuð voru 250 eintök af hverjum bæklingi og fékk listamaðurinn í sínar hendur 120 eintök af bæklingi/sýningarskrá sem hann getur þá notað til kynningar. Ekki voru prentuð boðskort á þessu ári heldur aðeins send út tölvuboðskort. Auglýsingaplaköt voru prentuð í tengslum við allar sýningarnar.

Stór einblöðungur í fimmbroti, lit og 2000 eintökum tengdur Listahátíð barna var gefinn út s.l. vor og einnig minni bæklingur með þjóðsögum á þremur tungumálum í tengslum við grafíksýninguna Óvættir og aðrir vættir. Safnið hlaut styrk frá Barnamenningarsjóði til þessa verkefnis og verður gerð grein fyrir styrknum annars staðar í skýrslunni.

Listasafnið hlaut styrk frá Safnasjóði á s.l. ári til að ljúka við vinnu við bækling um útilistaverk í bæjarfélaginu. Bæklingurinn kom út undir heitinu „Útilistaverk og annað skemmtilegt í Reykjanesbæ“. Sú leið var nefnilega valin, að nota tækifærið og kynna einnig fyrir bæjarbúum ýmsa minningarsteina og umhverfisverk sem setja svip sinn á bæinn. Efni bæklingsins er einnig komið inn á vef bæjarins og þar má lesa enn frekari upplýsingar um mörg verkanna því ekki tókst að koma öllu inn í bæklinginn, sem var prentaður í 3000 eintökum.

## 4.3 SKRÁNING SAFNKOSTSINS OG FORVARSLA

Safnkosturinn telst fullskráður í þar til gerðan gagnagrunn og vitneskja um staðsetningu hvers verks á að vera ljós. Það hefur þó komið í ljós að ýmsir hnökror leynast í skráningunni og er þar helst um að kenna að ekki liggja alltaf fyrir nógu haldgóðar upplýsingar um verkeignina frá því áður en skráning hófst. Verkefninu er því ekki lokið þó öll safneignin teljist formlega fullskráð. Sífellt er leitað fyllri upplýsinga um verkin og þær skráðar jafn óðum í gagnagrunninn. Til eru tölvutækar myndir af öllum verkum og eru þær aðgengilegar í gagnagrunninum. Í farvatninu er sameiginlegur gagnagrunnur fyrir listasöfnin í landinu, en sú ákvörðun hefur verið tekin að láta þróa Sarp fyrir listasöfnin en hann hefur hingað til þjónað minjasöfnum. Hans er beðið með eftirvæntingu, þar sem skráningarmál virðast aðkallandi hjá mörgum safnanna og er Listasafn Reykjanesbæjar engin undantekning frá því.

Í sumar hófst flutningur á stærstum hluta listaverkanna úr geymslum á Tjarnargötu 12 og Kjarna í framtíðargeymslur Listasafnsins í Ramma. Því verki verður haldið áfram á þessu ári. Með tilkomu safngeymslanna í Ramma er komin góð aðstaða fyrir safnkost listasafnsins. Öll verkin eru skráð og pökkuð og búið er að ákveða verklag við afgreiðslu og skráningu verka til og frá geymslunum. Geymslurnar eru hlýjar og þurrar og öryggiskerfi og brunavarnir eru í góðu lagi.

Upp hafa vaknað spurningar um forvörslu listaverkanna. Þau eru öll vandlega inn pökkuð svo ekki er hætt á skemmdum í flutningi og slíku en hvort efnið sem notað er til innpökkunar sé það rétta til langvarandi geymslu þarfnast frekari skoðunar.

#### 4.4 SÖFNUN HEIMILDA

Í tengslum við sýningarnar sem settar eru upp í Listasalnum fer fram mikil heimildaöflun um hvern einasta listamann. Þessar heimildir eru allar geymdar í skrá safnsins.



Nemendur og kennarar í Listaskóla barna sumarið 2011.

#### 4.5 SAFNKENNSLA

Áhersla var lögð á að kynna starfsemi Listasafnsins fyrir nemendum bæjarins. Bréf voru send í alla skóla til að kynna þær sýningar sem í gangi voru hverju sinni og skólarnir hvattir til að bóka heimsóknir hjá fræðslufulltrúa safnsins sem jafnframt tók á móti hópunum, veitti leiðsögn um sýningarnar og/eða lagði fyrir verkefni í samvinnu við kennarana sem fylgdu hópunum. Þegar líða tók á hverja sýningu var aftur sendur póstur í skólana til að minna á sýningarnar.

Á árinu komu samtals 680 nemendur í heimsókn í húsin; 145 leikskólanemar, grunnskólanemar voru um 400 og framhaldsskólanemar um 135. Af þeim hópi fengu um 400 nemendur formlega leiðsögn sýningar í húsinu. Við þetta bætist að heimsóknir í tengslum við listahátíð barna voru ríflega 2.300.

Flestir komu til að skoða sýningu Óla G, Augastaðir, Valgerðar Guðlaugsdóttur, Dúkku og norrænu grafíksýninguna Óvættir og aðrar vættir en aðrar sýningar hlutu minni aðsókn nemenda m.a. sýningin Þrykkur sem auglýst var sem skólasýning ársins.

Nemendaheimsóknum fækkaði árið 2011 líkt og öðrum heimsóknum í Duushús. Árið 2010 komu 1.700 nemendur í heimsókn og um 600 þeirra fengu formlega leiðsögn um sýningarnar. Það ár dró sýning Guðmundar R. Lúðvíkssonar Ljós-nótt að sér ríflega 400 nemendur, enda heimamaður á ferð og sýningin þeim eiginleikum gædd að nemendur máttu snerta listaverkin og því má segja að hún hafi verið mjög nemendavæn. Það

virðist því hafa mikil áhrif á aðsókn nemenda hvers kyns sýningar eru á boðstólum. Þegar allt er talið má þannig segja að um 3.000 nemendur hafi heimsótt Duushúsin í margvíslegum tilgangi þó langflestir til að skoða sýningu Listahátíðar barna.

## 4.6 FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

Listasafnið heldur áfram kynningu á íslenskri myndlist í landgangi flugstöðvarinnar. Er þetta gert með því að hengja upp mismunandi listaverk ásamt upplýsingum á veggspjöldum og bæklingum sem látnir eru liggja frammi. Ef möguleiki er á er reynt að tengja verkið sem hengt er upp hverju sinni við þær sýningar sem eru yfirstandandi í Listasafninu hverju sinni. Ekki er annað að sjá en þetta veki verðskuldaða athygli því allt efni sem lagt er fram með verkunum klárast í hvert sinn.

Verk eftir Óla G. Jóhannsson, Valgerði Guðlaugsdóttur, Sigríði Melrós Ólafsdóttur, Guðný Kristmanns og Einar Fal Ingólfsson voru sýnd árið 2011 en þau áttu öll verk á sýningum Listasafnsins, nema Einar Falur sem sýnt hefur áður.

## 5. ÖNNUR VERKEFNI

### 5.1 LISTASKÓLINN

Markmið listaskólans er að skapa börnum í sveitarfélaginu tækifæri til þátttöku í listrænu og skapandi starfi. Fram til ársins 2009 hafði hann einungis verið starfræktur á sumrin í formi sumarnámskeiða en síðan hafa verið gerðir tilraunir til að bjóða upp á vetrarnámskeið með misgóðum árangri þó þar sem ekki hefur alltaf náðst nægilegur fjöldi þátttakenda til að halda auglýst námskeið.

Listaskólinn var rekinn með svipuðu sniði og undanfarin sumur. Í maí, eftir nokkra leit, var gengið frá ráðningu tveggja leiðbeinenda við skólann, þeirra Jónu Guðrúnar Jónsdóttur leikkonu og leiklistarkennara við FS og Magnús Val Pálsson, myndlistarmann, grafískan hönnuð og leiðbeinanda í myndlist við Akurskóla. Að auki fengum við 4 nemendur úr vinnuskólanum til aðstoðar.

Boðið var upp á 1 þriggja vikna námskeið, 25. júlí – 12. ágúst, fyrir þátttakendur á aldrinum 7 til 13 ára í stað tveggja námskeiða áður en ástæða þessa var fyrst og fremst sú að þetta var eini tíminn sem kennararnir höfðu lausan til námskeiðshalds. Námskeiðin stóðu frá kl. 08.30-12.30 alla virka daga og þeim lauk með listahátíð þar sem þátttakendur hlutu m.a. viðurkenningarskjöl fyrir þátttökuna.

30 pláss voru í boði á námskeiðinu miðað við 40 pláss á hvort námskeið síðasta sumar. Þá voru þátttakendur samtals 58 á tveimur námskeiðum. Ástæðan fyrir tölunni 30 var fyrst og fremst sú að geta veitt þátttakendum gæðanámskeið en reynslan hefur kennt okkur að um leið og fjöldinn fer yfir þessa tölu fer það að koma niður á starfinu þar sem meiri tími fer í agamál og að halda stjórn fremur en starfið sjálft. Námskeiðið fylltist en annaði þó eftirspurn. Námskeiðsgjald var 10.000 kr. sem er 1.000 kr. hækkun frá síðasta sumri. 2.000 króna systkinaafsláttur var veittur.

Þátttakendum í Listaskólann fækkar því enn miðað við það sem mest var. Skýringin á því er ekki augljós en ýmsar spurningar sem vakna. Skyldu færri börn vera skráð á sumarnámskeið yfirleitt í ljósi breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu s.s. atvinnuleysis og efnahagsþrenginga? Sennilega er meira framboð námskeiða fyrir börn en fyrir nokkrum árum og þannig dreifast börnin á fleiri staði. Forvitnilegt væri að skoða hvernig aðsókn á önnur námskeið er að þróast.



Lykillinn að velgengni Listaskólans liggur auðvitað fyrst og fremst í leiðbeinendum sem stýra starfinu. Gallinn er sá að töluverð óvissa getur ríkt um þá allt fram á síðustu stundu. Í sumar vorum við sérlega heppin með fólk. Boðið var upp á mjög metnaðarfullt námskeið, með fjölbreyttum verkefnum þar sem hugað var að þörfum hvers og eins barns. Það er mjög mikilvægt að börnum í bæjarfélaginu standi námskeið af þessu tagi til boða sem kemur til móts við þarfir þeirra sem hafa ríka sköpunargleði og listtengdan áhuga. Tilfinning er sú að vel hafi tekist til í sumar og að allir sem að komu, börn, foreldrar og starfsfólk hafi verið ánægð með afraksturinn.



Bæjarstjórinn skoðar listaverk með leikskólabörnum á sýningunni Himingeimurinn á Listahátíð barna.

## 5.2 LISTAHÁTÍÐ BARNNA

Listahátíð barna er samstarfsverkefni Listasafns Reykjanesbæjar, allra 10 leikskóla og allra 5 grunnskóla bæjarins og var haldin í 6. sinn dagana 28. apríl til 8. maí. Styrkur í verkefnið kr. 475.000 fékkst úr menningarsjóði Suðurnesja og var forsenda þess að kleift var að halda hátíðina.

Yfirskrift leikskólahluta hátíðarinnar 2011, Himingeimurinn, var valin í lok maí 2010. Formlegur undirbúningur hófst svo í október. Ákveðið var að breyta Listasafnum í Himingeim með tilheyrandi skúlptúrum. Salurinn var myrkvaður og útfjólublá lýsing notuð til að ná fram dulúðlegum áhrifum, ekki ósvipað þeim sem verða í ljósaskiptum. Sömuleiðis voru hljóð notuð í sýningunni til að skapa áhrif.

Í Bíósal voru myndverk eftir hvern leikskóla og smiðja. Útbúin var vísindasmiðja með þeirri tengingu við yfirskrift sýningarinnar að margt í himingeiminum tengist vísindum sbr. geimvísindi og margt er skrytið og óljóst varðandi hann.

Opnunardagskrá hátíðarinnar var jafnframt opunaratriði Barnahátíðar sem haldin var í bænum þessa daga. Við opnunina mættu elstu börn leikskólanna og sungu börnin nokkur lög og Árni bæjarstjóri setti síðan hátíðina. Þá daga sem hátíðin stóð kom hver skóli í heimsókn hluta úr degi og hélt sína dagskrá með sínu fólk og gestum. Um 2.500 gestir sáu sýninguna þá 19 daga sem hún stóð.

Í annað sinn var lagt af stað með verkefnið *Listaverk í leiðinni* sem er samstarfsverkefni Listasafnsins og allra 5 grunnskóla Reykjanesbæjar og hluti af Listahátíð barna. Markmið verkefnisins Listaverk í leiðinni er að gera list- og verkgreinum hærra undir höfði og koma á framfæri því góða starfi sem unnið er í grunnskólum bæjarins á þeim vettvangi. Ekki síður er markmiðið að auka metnað hjá þeim nemendum sem hafa hæfileika á þessu sviði, skapa þeim vettvang til þeirra starf fái að njóta sín og að veita þeim viðurkenningu með því að sýna verk þeirra á fjölförnum stöðum í bæjarfélaginu. Um leið er lífgað upp á bæinn og verkin sýnd bæjarbúum til ánægju og yndisauka.

Hugmyndin var sú að listgreinakennarar héldu til haga nemendaverkum sem þeir töldu ástæðu til að sýna á listahátíðinni. Ekki var ætlast til að verk væru unnin sérstaklega fyrir sýninguna. Verkin voru sótt í skólana og þeim komið fyrir með merkingum víðs vegar um bæinn. Að sýningunni lokinni voru verkin tekin niður og þeim skilað aftur í skólana. Það verður að segjast eins og er að eins einfalt og þetta verkefni hljómar er það stærra og erfiðara í framkvæmd en í fyrstu mætti ætla og ræður þar mestu hversu fámennt starfsfólk listasafnsins er. Verkin voru sýnd á 4 stöðum í bænum, í Krossmóa, Kjarna, Kaffitári og Duushúsum.

Ákjósanlegasta formið á þessu verkefni væri meiri samvinna milli skóla og Listasafnsins og að skólarnir kæmu betur að sýningu á sínum verkum, sæju um uppsetningu þeirra og frágang og verður það reynt næst.

Listahátíð barna er sérlega skemmtilegt verkefni sem er nú að slíta barnsskónum. Ótalmargt fólk, börn og fullorðnir, í Reykjanesbæ kemur að þessu verkefni með beinum hætti sem gerir það einstakt. Það er víst að Listahátíð barna er verkefni sem á aðeins eftir að þroskast og dafna eins og þátttakendurnir í því.

## 5.3 LIST ÁN LANDAMÆRA

Sveitarfélögin á Suðurnesjum tóku í ár þátt í Listahátíðinni List án landamæra í þriðja sinn. Á þessari einstöku hátíða vinna fatlaðir og ófatlaðir saman að ýmsum listtengdum verkefnum. Sótt var um sameiginlegan styrk til verkefnisins til Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum sem veitti styrk upp á kr. 1.000.000. Ákveðið var að hann skyldi fyrst og fremst nýttur til ráðningar listafólks til að halda utan um og vinna með fötluðum og ófötluðum einstaklingum að undirbúningi hátíðarinnar. Ákveðið var að kjarni hátíðarinnar yrði í Reykjanesbæ þar sem fatlaðir á Suðurnesjum sækja flestir sína þjónustu þangað.

Tekin var ákvörðun um að halda tónleika með þátttöku fatlaðs og ófatlaðs listafólks ásamt því að setja upp myndlistarsýningu. Til að undirbúa og stýra tónleikahaldi voru ráðnir Jóhann Smári Sævarsson óperusöngvari og Arnór Vilbergsson organisti Keflavíkurkirkju. Sömu leiðis var Rut Ingólfssdóttir leirlistarkona ráðin til að vinna að undirbúningi myndlistarsýningar í Nettó fyrir Hæfingarstöðina og Ragnarssel og Þorbjörg Óskarsdóttir tók að sér undirbúning myndlistarhluta félaga í Björginni geðræktarmiðstöð og einnig þátttakenda í Samvinnu í Krossmóa 4. Sú vinna fór fram á vinnustöðum fólksins sjálfs og gafst það vel.

Tímasetning hátíðarinnar var ákveðin 29. apríl – 8. maí sem skaraðist við Listahátíð barna, þannig að börnin t.d. á Ragnarsseli unnu verk undir sömu yfirskrift og önnur börn í bænum á Listahátíð barna, sem er skemmtileg tenging.

Í heildina litið gekk hátíðin og undirbúningur vel og afraksturinn var mjög ánægjulegur. Fyrirkomulagið sem slíkt hefur gefist vel þ.e. að ráða verkefnastjóra til að sinna ákveðnum hlutum hátíðarinnar og sameinast svo um sýningarhald.

List án landamæra er í senn bráðskemmtilegt og samfélagslega bráðnauðsynlegt verkefni sem við erum stoltir þátttakendur í og er það okkar von að það hljóti áfram stuðning frá sveitarfélögunum til að geta áfram vaxið og dafnað. Það sýndi sig og sannaði að



hæfileikafólk er á hverju strái sem ekki fær mörg tækifæri til að koma list sinni á framfæri og því má segja að listahátíð af þessu tagi sé kjörinn vettvangur auk þess sem verkefni sem þetta leiðir til aukins skilnings manna á milli með ávinningi fyrir samfélagið allt. Ákveðið var að Listasafnið tæki þátt í þessu verkefni aftur á ári.

## 6. HÚSNÆÐI, OPNUNARTÍMI, STARFSFÓLK OG GESTAFJÖLDI

### 6.1 HÚSNÆÐI OG OPNUNARTÍMI

Listasafnið er rekstraraðili Duushúsanna sem eru menningar- og listamiðstöð Reykjanesbæjar. Opnunartími var stytur árið 2010 vegna sparnaðar og var þeim tíma haldið árið 2011 og var safnið því opið virka daga frá kl. 12.00-17.00 en um helgar frá kl. 13.00-17.00. Þess utan var opið þegar þurfa þótti, bæði fyrr á morgnana og fram á kvöld. Framkvæmdir við Bryggjuhúsið, elsta húsið í Duushúsaröðinni byggt 1878, hafa haldið áfram þó hægt fari og í ár var lagt viðargólf á neðstu hæðina og gengið frá umhverfi brunnsins sem sjá má í einu horninu, m.a. voru sett í hann forláta ljós þannig að nú sést til botns. Styrkur úr Húsafriðunarsjóði kr. 1.700.000 var nýttur í þessar framkvæmdir sem kostuðu 7.000.000 og var restin greidd af Reykjanesbæ.

### 6.2 STARFSFÓLK

Fastráðið starfsfólk:

- |   |            |
|---|------------|
| 1. Valgerður Guðmundsdóttir skipar stöðu forstöðumanns, | 85 % staða |
| 2. Guðmundur Ingi Hildisson, umsjónarmaður,             | 90 % staða |
| 3. Guðlaug María Lewis, fræðslufulltrúi,                | 85 % staða |

Lausráðið starfsfólk

- Smári Ketilsson, hlutastarf við safnvörslu í Duushúsum
- Pálmi Ketilsson, hlutastarf við safnvörslu í Duushúsum
- Sveinn Enok Jóhannsson, hlutastarf við safnvörslu í Duushúsum
- Margrét Ósk Ingibórsdóttir, hlutastarf við safnvörslu í Suðsuðvestri
- Óskar Kristinn Vignisson, hlutastarf við safnvörslu í Suðsuðvestri

Verkefnaráðið fólk

- Jóna Guðrún Jónsdóttir kennari við Listaskólann
- Magnús Valur Pálsson kennari við Listaskólann
- Aðalsteinn Ingólfsson situr í listráði safnsins og tekur að sér sýningarstjórn
- Inga Þórey Jóhannsdóttir situr í listráði safnsins og tekur að sér sýningarstjórn.

Að auki hefur Björn Ragnarsson fyrrverandi starfsmaður Byggðasafnsins aðstoðað við uppsetningu sýninga og afleysingar við safnvörslu.

### 6.3 GESTAFJÖLDI


Listasafnið er eins og áður segir rekstraraðili að Duushúsum. Fram til ársins 2009 hafði gestafjöldi aukist jafnt og þétt og fór hæst í ríflega 45.000 gesti það ár. Á síðustu tveimur árum hefur gestafjöldinn hins vegar dregist aðeins saman. Skýringuna má vísast finna í breyttu efnahagslandslagi en með því hefur viðburðum líkt og tónleikum, fundum og ráðstefnum fækkað til muna. Til viðbótar þessu var opnunartími Duushúsanna skertur um klukkustund á dag á virkum dögum á síðasta ári.

Árið 2011 dróst því gestafjöldi enn nokkuð saman og fór úr 43 þús. gestum í 37 þús. eða um 13%. Þessi fækkun samsvarar í raun hlutfallslegri skerðingu opnunartímans sem einnig nam 13% á árinu.

Mánuður	2011	2010	Breyting
Jan	974	959	2%
Feb	1.137	1.929	-41%
Mars	2.119	3.002	-29%
Apríl	2.117	5.071	-58%
Maí	2.987	2.917	2%
Júní	864	1.758	-51%
Júlí	711	1.661	-57%
Ágúst	1.012	1.310	-23%
Sept	21.552	20.232	7%
Okt	1.061	1.480	-28%
Nóv	870	945	-8%
Des	1.728	1.237	40%
<b>Samtals</b>	<b>37.132</b>	<b>42.501</b>	<b>-13%</b>

## 6.4 SKIPTING GESTA

Þegar tilgangur heimsóknna gesta er skoðuð betur kemur í ljós að 80% af heildarfjölda gesta á árinu koma til að skoða sýningar í húsinu og viðburði tengda þeim. 10% koma til að sækja eða leika á tónleikum og 10% koma í öðrum tilgangi t.d. til að sækja fundi.



## 7. REKSTUR

Listasafnið er rekstaraðili Duushúsa og sér um ýmis sér verkefni s.s. Listaskólann, List án landamæra og Listahátíð barna og er reksturinn því á nokkrum rekstrarlyklum. Þegar reksturinn er skoðaður kemur fram að megin kostnaðurinn er greiddur af Reykjanesbæ en ýmsir styrkir hafa þó fengist í hin ýmsu verkefni. Erfiðleikar í rekstri safna, almennt á

landinu, hefur verið nokkur, síðustu ár og fastir styrktaraðilar Listasafnsins frá því fyrir hrun hafa horfið úr stuðningsliðinu en aðrir hafa sem betur fer komið inn í staðinn og má þar nefna Menningarsjóð Suðurnesja sem sækir fé sitt til ríkisins og deilir út hér á svæðinu og einnig kom Magma færandi hendi inn á styrkjasviðið í ár. Þessir styrkir skila því að safnið getur enn verið með öflugra útgáfu og staðið fyrir ýmsum skemmtilegum verkefnum fram yfir það allra nauðsynlegasta. Tilraun safnsins til að afla sértekna með því að leigja út listaverkin skilaði ekki tilætluðum árangri og var því hætt.

Heildarveltan var 30.750.000 og skiptist á eftirfarandi lykla: Listasafn 18.050.000, Listaskóli barna 800.000, Listaverk bæjarins 1.000.000, Duushús 10.900.000. Heildarveltan var 6 milljónum lægri í ár en árið 2010. Ýmsir styrkir voru 5 milljónir og þar af 2.200.000 frá ríki og 800.000 frá Menningarsjóði Suðurnesja sem einnig styrkti Listahátíð barna um 800.000 og List án landmæra um 1.200.000. Hlutfall styrkja af rekstrarkostnaði safnsins hefur hækkað á milli ára um eina miljón.

## 8. LOKAORÐ

Listasafn Reykjanesbæjar var að ljúka sínu níunda starfsári. Safnið hefur frá fyrstu tíð stutt við margvísleg verkefni tengdum listum og menningu og skipar nú orðið stórt hlutverk í menningarlífi bæjarins ásamt því að fjöldi gesta annars staðar frá hefur lagt leið sína til bæjarins, sérstaklega til að sjá sýningar á vegum safnsins. Fyrir utan metnaðarfullt sýningarhald þá hefur safnið staðið fyrir veigamikilli útgáfu í tengslum við sýningarnar og söfnun heimilda um listamenn og listalíf svæðisins. Mikið hefur verið unnið í vefnum og nú má lesa um allar sýningarnar og önnur verkefni á bæði íslensku og ensku. Bæklingur um útilistaverk og minnismerki í bænum var gefinn út í ár og er einnig aðgengilegur á vefnum. Safnið er komið á samfélagsvefinn Facebook og er það liður í að nýta sér auglýsingamátt ókeypis miðla á tímum niðurskurðar og aðhalds.

Starfsfólk safnsins hefur haft verkstjórn í tveimur stórum verkefnum sem tengjast fjölda annarra stofnana og er þar átt við Listahátíð barna og List án landamæra en báðir viðburðirnir hafa endað í stórum myndlistarsýningum sem teygja sig langt út fyrir húsnæði safnsins. Bæði þessi verkefni eru styrkt af Menningarsjóði Suðurnesja sem einnig styrkti almennt sýningarhald safnsins. Þessar styrkveitingar, auk styrkja frá Safnasjóði, gerðu það að verkum að ýmis verkefni safnsins voru viðameiri en annars hefði verið, núna á tímum mikils aðhalds og endurskipulagningar. Safninu var ætlað að draga úr kostnaði og hefur heildarvelta safnsins lækkað milli ára um leið og hlutfall styrkja hefur vaxið. Minna fjármagn hefur gert málið snúnara og erfiðara að halda uppi metnaðarfullri starfsemi en starfsfólkið allt, bæði fastráðið og verkefnaráðið, hefur með mikilli útsjónarsemi og dugnaði náð að ljúka árinu 2011 með glæsibrag.

**Reykjanesbæ, 6. febrúar 2012**

**Valgerður Guðmundsdóttir**

**Forstöðumaður Listasafns Reykjanesbæjar**

## 9. VIÐAUKI nr. I

Breyting á safnakosti á árinu 2011

	Nafn listamanns	Heiti verks + ártal	Fengið	Athugasemdir	Mál
1	Ellert Grétarsson	Katlahraun, 2008	keypt	Ljósmynd á foam plötu	160x60
2	Bragi Ásgeirsson	Án titils, '76/2009	keypt	Grafík, æting 4/40	38x28
3	Einar Hákonarson	Inni - úti, 1982	keypt	Grafík, 18/100	26,5x36
4	Guðm. Ármann Sigurjónsson	Innskot, 2000	keypt	Grafík, trérista 30/80 e/p	25,5x38
5	Kristín Gunnlaugsdóttir	Án titils, 2010	keypt	Grafík, lithographie 108/110	25,5x16
6	Ríkharður Valtingoer	Úr brimrótinu, 2011	keypt	Grafík, steinþrykk 63/100	22x29
7	Valgerður Hauksdóttir	Styrkur í veikleika I, 2003	keypt	Málmgrafík, æting á aquatinta á zinkplötur, pappír Hahnemuhle 200gr. 76/80	18,5x28
8	Óli G. Jóhannsson	My story - sagan mín, 2010	keypt	akríl á striga	145x145
9	Óvættir og aðrar vættir	Rauðhöfði, 2011	Gjöf	Grafík, dúkrista, 1-12 (12 myndir með ramma)	42,5x52,5
10	Óvættir og aðrar vættir	Handan fjallanna þriggja, 2011	Gjöf	Grafík, dúkrista, 1-15 (15 myndir með ramma)	42,5x52,5
		Handan fjallanna þriggja, 2011	Gjöf	Grafík, dúkrista, 1-11 (11 myndir án ramma)	40x50
11	Óvættir og aðrar vættir	Ólafur Noregskonungur og haugbúinn 2011	Gjöf	Grafík, dúkrista, 1-20 (20 myndir án ramma)	32,5x23,5
12	Guðný Kristmanns	Án titils, 2010	Gjöf	Olía á striga	170x215
13	Valgerður Guðlaugs	Óhemja, 2011	gjöf	6 ljósmyndir	50x34
14	Björgin - list án landamæra	Skúlptúr, Grófin	Gjöf	Skúlptur	
15	Listahátíð barna	Veggteppi - regnbogi	gjöf	textílverk frá Hjallatúni	
16	Listahátíð barna	Eldflaug	Gjöf	skúlptúr, pappír o.fl. Frá Holti	
17	Listahátíð barna	Sól og jörð	Gjöf	Skúlptúr, pappír o.fl. Frá Akri	
18	Listahátíð barna	Regnbogi	Gjöf	skúlptúr, pappír o.fl. Frá Velli	
19	Listahátíð barna	Steinagull	Gjöf	Veggverk, þekjultir, bómull, pappír o.fl frá Gimli	120x150